

Þrettán alvörusögur

Í smásagnasafni Elínar Ebbu Gunnarsdóttur, Ysta brún, er sagt frá fólki sem allt eins gæti verið nágrannar manns. Á Ystubrún 8 býr t.d. maður sem er að tapa geðheilsunni vegna svefnleysis, við sömu götu er gamall maður að reyna að forðast afskipti þeirra sem vilja setja hann á stofnun, við hliðina er hús kaldhæðins rithöfundar sem bitur af sér alla blaðamenn og á sjöundu hæð í blokk nr. 19 glíma lítil systkini við erfiðar heimilisaðstæður. Sögusvið allra sagnanna er þetta afmarkaða svæði sem gæti verið gata í Reykjavík. Maður einn sem tortryggir konu sína horfir t.d. út um gluggann á hús svefnlausu mannsins og systur í einni sögunni tala um það sem gerðist í annarri sögu aðeins fyrr í bókinni. Þessar tengingar í rúmi og tíma eru frekar yfirborðslegar og jafnvel óþarfar. Þótt sögurnar séu allar samtímasögur í raunsæislegum stíl þar sem vandamálum hversdagsins er lýst, eru þær allólíkar sín á milli.

Í Ystu brún er fjallað af vægðarleysi um samskipti fólks, útbrunnin hjónabönd og bilið milli kynslóða. Karlmenntir í bókinni eiga flestir það sameiginlegt að vera vonlausir. Einn er t.d. fótalaus og skeytir skapi sínu á fórnfúsri konu sinni, annar er harðstjóri í eðli sínu, sá þriðji er geðveikur og svo mætti lengi telja. Þeir hafa yfirleitt verið giftir lengi en eru ófullnægðir, vonsviknir og lífsþreyttir. Ágætt dæmi um þetta er eiginmaðurinn í sögu sem ber það furðulega nafn, Smokkfiskur í basilikusósu. Hann er óaðlaðandi, hirðulaus um útlit sitt og algerlega skeytingarlaus um konu sína þar til hann fer að hafa áhyggjur af því að annar karlmaður sé í spilinu. Þolinmæði og umhyggja konu hans er með öllu óskiljanleg. Persónur sagnanna eru yfirleitt fjarlægjar og nafnlausar, ógæfufólk sem maður kærir sig lítið um að kynnast nánar.

Sögurnar birta brot úr daglegu lífi og hefjast flestar í miðjum klíðum. Lesandinn er t.d. skyndilega áhorfandi að heimiliserjum þar sem langvarandi óánægja og biturð krauma undir niðri eða brjótast upp á yfirborðið með ýmsum hætti. Jafnsnögglega er manni kippt út úr sögunni án þess að nokkur lausn sé í sjónmáli eða von um betri tíð. Sögurnar enda einhvern veginn ekki - sem er stærsti kostur þeirra því efnið heldur áfram að leita á mann að lestri loknum.

Þessar þrettán sögur eru sundurleitar eins og hvunnudagurinn. Þær varpa allar raunsæju ljósi á niðurdrepandi aðstæður hamingjusnaðra persóna. Elínu Ebbu er mikið niðri fyrir og alvaran ræður ríkjum í Ystu brún. Enda er þrettán óhappatala.

Elín Ebba Gunnarsdóttir
Ysta brún
Vaka Helgafell 1999

Bókmenntir
Steinunn Inga Óttarsdóttir